

Gjaldskrá um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli í Garðabæ

1. gr.

Af öllum hesthúsum í hesthúsahverfinu við Kjóavelli skal greiða taðþróargjald.

2. gr.

Taðþróargjald skal vera kr. 291.400,- á hvert hús á árinu 2018.

Þar sem hreinsun taðþróa er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

3. gr.

Taðþróargjald skal greiða til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar

Taðþróargjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, samkvæmt heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, sbr. samþykkt fyrir hesthúsahverfi á Kjóavöllum í landi Kópavogs og Garðabæjar nr. 958/2008 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1142/2016.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
7. desember 2017*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari*